

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar nr. 678/2013.

#### 1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar hljóðar svo:  
Sveitarstjórn heldur reglulega fundi í skrifstofu sveitarfélagsins þriðja fimmtudag í mánuði, kl. 15.00, nema í júlímánuði.

#### 2. gr.

A-liður 40. gr. samþykktarinnar hljóðar svo:

#### A. Fulltrúar kjörnir til 4 ára í fastanefndir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.
2. *Skipulags- og umhverfisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
3. *Félagsmála- og jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
4. *Fræðslunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
5. *Fjallskilanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 2. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Fjallskilanefnd hefur heimild til fullnaðarákvarðana um skipulag fjallskila í sveitarfélaginu, þ.m.t. að jafna niður gangnadagsverkum sbr. 29. gr. þessarar samþykktar.
6. *Atvinnu- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

#### 3. gr.

Við B-lið 40. gr. samþykktarinnar bætist svohljóðandi töluliður, sem er númer 7 og númer annarra töluliða breytist í samræmi við það:

*Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar.* Tveir aðalmenn og tveir varamenn skv. 2. gr. starfsreglna fyrir svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar nr. 501/2014.

#### 4. gr.

Við C-lið 40. gr. samþykktarinnar bætist við svohljóðandi töluliður, sem er númer 13:  
*Meningarráð Eyþings.*

#### 5. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Hörgársveitar hefur sett sér skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

*Innanríkisráðuneytinu, 4. september 2014.*

F. h. innanríkisráðherra,

**Hermann Sæmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*